fólk í listum

ERRÓ

Það kom til mála að hætta við listahátíð að þessu sinni vegna þrenginga í peningamálum þjóðarinnar, að því er sagt var, en þegar menn höfðu skoðað málin í ró og næði var ákveðið að halda áfram, því samhangandi listahátíð fellur um sig sjálfa, ef hlé eru gerð. Listahátíðir verður að vinna upp eins og kaffivagna: ef lokað er einn daginn fara menn annað.

Kvikmyndahátíðin í vetur var nokkuð undrunarefni, því í ljós kom að þjóðin var alin upp við Gog og Gokke og merki Zorros og þoldi illa listrænar klámmyndir úr adressubókum sænsku menningarmafíunnar. Þrátt fyrir ósvikið listgildi ollu þær myndir er sýndar voru aðeins þjáningu, og þeir sem mest fóru í bíó þá vikuna voru saksóknarar landsins og fógetar, og svo var straumurinn tekinn af.

En hvað um það. 3. júní hófst almenn Listahátíð með sýningum og tónlist. Hæst ber þar að sjálfsögðu sýningu ERROS, sem er frægastur íslenzkra málara um þessar mundir, en hann hefur sem kunnugt er dvalizt langdvölum erlendis síðan hann lauk listnámi hér heima.

Fréttir af Erro hafa verið stopular, varla nógu miklar til þess að unnt væri að rekja feril hans í innlendum blöðum, en samt ekki svo litlar, að okkur væri það ekki þegar ljóst, að þarna var maður sem stefndi að heimsfrægð og engu minna. Má því með nokkrum rétti segja að stjórn listahátíðar hafi uppgötvað þennan mann með því að koma með hann heim og gangast fyrir sýningu á verkum hans.


Frægðin

Það er einkenni frægra málara á vorum dögum, að þeir vinna á þröngu sviði, halda sig við endurtekið stef, og þeir breyta engu. Með auknum fjölda myndlistarmanna og meira ráðrúmi á öllum sviðum, hafa sérgreinar einar verið þess megnugar að halda uppi Evrópufrægð og heimsfrægð í myndlist og nægir að minna á Hundertwasser sem hér var á ferðinni fyrir tveim árum eða svo, hvernig list hans hafði verið þvinguð inn í spiral þar sem leikið var undir á einfalt litakort, því samhengið varð að tryggja með einhverjum hætti innan hinna heimsfrægu mynda. En nóg um það.

Menn voru því dálítið þreyttir á Evrópufrægð í myndlist í svipinn þegar sýning Erros kom til landsins.

Við höfðum öll séð offsetgrafík eftir Erro við ýms tækifæri og svo voru til nokkuð margar myndir eftir hinn fræga mann í húsum í bænum. Flest æskuverk, og í þeim var satt að segja fremur fátt sem benti til mikilla afreka og því er það að maður kemur svo til óviðbúinn í hús þessa manns á Kjarvalsstöðum, og maður verður að játa það hreinlega fyrir sjálfum sér og öðrum, að þessi maður hafði gleymzt á Íslandi.

Myndir Erros á Kjarvalsstöðum eru frá tveim síðustu



áratugum og þeim er komið fyrir í aldursröð. Gamlar myndir í Austursal, nýjar í Vestursal. Elztu myndirnar (flestar) eru forleikur þess sem síðar verður. Þessar myndir gætu tæknilega, verið eftir svo að segja hvern sem er. Þetta má líka segja um popp-myndirnar sem þó eru eins og hinar fyrri atrenna að því sem síðar kemur, en það er ekki fyrr en á síðasta áratug sem málarinn er kominn alla leið. Myndirnar losna við tæknilega agnúa. Tengslin við prentlistina og myndvörpuna rofna og eftir situr Erro.

Föng Erros

Í stuttu máli þá virðist það vera megininntak og viðfangsefnið í myndum Erros að skoða samtíðina eins og hún birtist í prentuðu máli. Hann raðar saman myndefni úr dagblöðum og tímaritum. Sumar þessara mynda yfirfærir hann í olíumálverk, aðrar í offset-grafík: enn aðrar verða áfram klippimyndir (collage). Um föng sín segir Erro þetta: (Girskipting kynslóðanna 1961):

„Ég hef ávallt verið gagntekinn af vélmenninu. Árið 1960 gerði ég myndröð sem ég nefni „meca-make-up" þar sem ég klippti saman andlitsmyndir úr blöðum og myndir af vélarhlutum. Ég setti einnig saman hljóð úr orðum sem ég klippti úr tímaritum. Ég bjó þá við Place Maubert rétt hjá góðgerðarstofnun sem safnaði alls kyns dóti og dagblöðum fyrir útigangsmenn og róna. Ég bað um að tekið yrði frá fyrir mig allt sem snerti vélar.


Lykillinn að „Girskiptingu kynslóðanna" er færibandið í verksmiðju. Mannsbúkar koma í heilu lagi frá neðri hæð. við erum stödd á annarri hæð þar sem höfuðin eru skilin frá búkunum. Þetta er salur greindarinnar. Í hornum myndarinnar má finna tvær vélar og tvær persónur. Neðst til vinstri er örlítið mannleg vél, þar eð hún hefur útlimi en hún er tækið sem bregður máli á höfuðin og sker af. Ofarlega til vinstri er vera í apalíki en hún nefnist Miðillinn. Hún situr hreyfingarlaus í hugleiðingarstellingum (og fósturstellingum) og gætir að því að góðu höfuðin renni áfram á færibandinu. Efst til hægri er Vélstýran. Hún er algjörlega vélræn og spýtir ákveðnu hegðunarmynstri í hvert höfuð. Greindinni er síðan staflað upp rétt eins og niðursuðudósum. Neðst til hægri er persóna í froskham. Hún er Smakkarinn sem smjattar á gæðunum.

Grímur höfðanna eru ólíkar innbyrðis. Meðan ég vann að myndinni, gaf ég hverju höfði svipbrigði á næstum ósjálfráðan hátt án þess að skoða það sem áður var komið. Ég var viss um að ég væri ekki að endurtaka sömu grímuna."

Um myndaröð 72-78 segir þetta:

„250 klippimyndir voru gerðar á viku og úr þeim valdi Erró 60 þema sem hann síðan útfærði á striga með myndvörpu ljósprenttækni eða fríhendis. Hér eins og í myndröðinni „Bandarísk búsæld" frá 1968 þar sem sjá mátti norður-víetnamska skæruliða ráðast inn í íbúðir bandarískrar millistéttar hefur Erró valið þann kost (öfugt við það sem gerist í mörgum málverkum hans) að spila aðeins á andstæður tveggja heima sem bjóða hvor öðrum byrginn, tvenns konar heimilda sem eru auðlesnar og hafa myndrænan styrk. Annars vegar er hin kinverska mynd sem svo hefur áhrif á val og stíl mótvægisins sem oft er túristamynd sem lofsyngur kosti hins vestræna iðnþjóðfélags og vestrænu menningu. Mao-Tse-Tung leggur upp í langa göngu gegnum stöðnun hins vestræna







heims án nokkurs illvilja með bros á vör og hlýlegur í fasi. Oftast er hann umkringdur flokksbræðrum sínum, rauðum varðliðum, bændum, hestamönnum, verkamönnum, læknum, verkfræðingum og dönsurum úr Peking óperunni. Tvenns konar heimildir mætast, — tími og rúm skipta ekki máli, aðeins viðhorfin tvenn sem teflt er saman og metast."

Þetta ætti að nægja til að skilgreina föngin, sem eru undirstaða myndanna en um sjálfa myndina segir hann svo, og á þá við Ævi Van Gogh, 1975:

„Ég held mjög upp á Van Gogh og Pikassó vegna frjálsræðisins og kraftsins í vinnubrögðum þeirra og einnig vegna hlýjunnar í litum þeirra. Í baksýn eru fjöll við sólarupprás. Ég sá einu sinni sólina koma upp yfir Himalayafjöllum. Það er stórfengleg sýn, því þá kviknar á hæstu tindum jarðar hverjum á fætur öðrum eins og röð af ljóskösturum. Fyrir miðju að ofan sjáum við geislum stafa af sólinni með mikilvægustu manneskjunum í lífi Van Goghs, móður hans, Gauguin og Gachet lækni. Í geislanum til vinstri

